

Kristín Unnsteinsdóttir – Námsveri Ártúnsskóla – Árkvörn 6 – [kristinu@artunsskoli.is](mailto:kristinu@artunsskoli.is)

Þróunarverkefni:  
Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og  
lestrargetu nemenda með frávik í lestrarfærni

Lokaskýrsla fyrir skólaárið 2006-2007

Trúnaðarmál

Allar upplýsingar í þessari skýrslu  
ber að fara með sem trúnaðarmál

## Efnisyfirlit

Markmið

Samantekt/útdráttur

Framkvæmd

- Helstu framkvæmdaliðir skólaárið 2006-2007

Rannsóknarniðurstöður

- Úttekt á sandleikjum nemendanna
- Samanburður á sandleikjum nemendanna
- Útkoma prófa í einstökum námsgreinum
- Niðurstöður sálfræðilegra greininga
- Samantekt á niðurstöðum

Fylgiskjöl

- 1. Sýnishorn af greinargerð unnin út frá gátlista um einn sandleik
- 2. Sýnishorn af úttekt á greinargerðum um tólf sandleiki

## Markmið:

Stefnt var að því að halda áfram að kortleggja og meta notkun sandleiks og sögugerðar í námsveri Ártúnsskóla með tilliti til hugsanlegra áhrifa þessara kennsluáferða á sjálfsmynd, líðan og lestrargetu nemenda með frávík í lestrarfærni. Verkefnið beindist að því að fylgjast náið með fjórum einstaklingum á aldrinum 7-11 ára skólaárið 2006-2007.

## Samantekt

Í sandleik er fengist við myndgerð í sandkassa af ákveðinni stærð og stendur kassinn á borði. Auk sandsins og kassans eru notaðir þrívíddarmunir og vatn. Sandleikur er stundaður sem meðferðar- og greiningartæki í sálgæslu fyrir börn og fullorðna í ýmsum löndum. Í námsveri Ártúnsskóla hefur nemendum verið gefinn kostur á að stunda sandleik í þeim tilgangi að glæða frjóa hugsun þeirra og stuðla að skapandi tjáningu og upplifun, en ímyndunaraflíð er trúlega öflugasta tæki barnisins í námi þess og þroska. Auk þess að vera afbragðsgóð aðferð til að efla málskilning og styðja við lestrarnám gefur sandleikur að mati sandleiksfræðinga barninu færi á að tákngera sinn innri heim og vinna á gefandi hátt með þau viðfangsefni sem þau verða að glíma við til að þróa sjálfsmyndina og ná þroska.

Í þróunarverkefninu var notkun sandleiks og sögugerðar í námsveri Ártúnsskóla kortlögð og metin með tilliti til hugsanlegra áhrifa þessara kennsluáferða á styrkari sjálfsmynd og framfarir hvað varðar málnotkun og lestrargetu nemenda með frávík í lestrarfærni. Fylgst var náið með vinnu fjögurra nemenda á aldrinum 7-11 ára í sandleik og sögur þær sem þeir sömdu í tengslum við leikinn voru skráðar. Hver nemandi vann tólf myndir og sögur á tímabilinu. Einkenni á sandleikjum hvers einstaklings voru skoðuð og sandleikir nemendanna fjögurra bornir saman.

Í upphafi og við lok rannsóknarinnar var lestrar-, stafsetningarfærni, ritun og stærðfræðikunnátta nemendanna könnuð. Greindarþroskapróf (WISC III), Rorschach persónuleikaprófið og sjálfsmyndarprófið („Hver er ég og hvernig líður mér?") voru lögð fyrir. Enn fremur var lagt mat á tilfinningar og hegðun út frá spurningalistum Achenbachs og ADHD matslistsa fyrir athyglisbrest og ofvirkni.

Niðurstöður leiða í ljós að hjá öllum nemendum má sjá framfarir í einhverjum þáttum náms, þroska og/eða líðanar. Það má því leiða að því líkur að sandleikur og sögugerð geti verið áhifavaldar í þessu tilliti, ekki síst þegar horft er til bættrar frammistöðu tveggja nemendanna á verklega hluta greindarþroskaprófsins og eins á

munlega prófhlutanum. Í rannsókn sem þessari er þó hæpið að túlka niðurstöður sem endanlegar sannanir þar sem um lítið úrtak (4 börn) er að ræða og athugun og mat á þáttum svo sem þroska og líðan er flókið og oft á tíðum huglægt. Nemendurnir fjórir eru misleitur hópur hvað þroska varðar. Tveir þeirra sýna áberandi veikleika á málfarslega sviðinu og hjá tveimur er um mikinn misstyrk að ræða á milli munnlegra þátta greindarprófsins og verklegra, þeim síðari í vil. Allir sýna nemendurnir merki um athyglisbrest og einn auk þess merki um ofvirkni/hvatvísi. Ákveðnir taugasálfræðilegir veikleikar virðast því vera til staðar. Þegar við bætist nokkur aldursmunur á nemendum er ekki við því að búast að sambærilegar þroskabreytingar mælist hjá þeim öllum á 8 mánaða skeiði eða að hegðun þeirra og líðan taki samstíga breytingum.

## Framkvæmd

Hver nemandi vann tólf myndir og sögur á tímabilinu. Lestrar- og stafsetningargeta, ritun og stærðfræðikunnátta var könnuð. Greindarþroskapróf (WISC III), persónuleikapróf Rorschach, sjálfsmýndarprófið („Hver er ég og hvernig líður mér?“), hegðunarmatskvarðar Achenbachs og ofvirknimatslisti ADHD voru lögð fyrir. Foreldrar og kennarar svöruðu spurningalistum Achenbachs, þar sem lagt var mat á tilfinningar og hegðun barnanna. Enn fremur lögðu þessir sömu aðilar mat á hvort um einkenni ofvirkni og athyglisbrests væri að ræða. Allir þessir þættir voru kannaðir í upphafi og við lok verkefnis. Þorgeir Magnússon sálfræðingur lagði prófin fyrir og vann úr upplýsingum allra þessara prófa og matslista. Við fyrirögn rannsókna, hvað varðar mynd og sögugerð nemenda í sandleik, var einkum stuðst við rannsóknaraðferðina athugun (observation) og unnið út frá gátlista sem hannaður var við upphaf rannsókna, skólaárið 2005-06. Enn fremur var viðtalstækni beitt þegar þörf krafði við sögugerðina. Áætlaðar voru þrjár stundir á viku til að taka á móti nemendum í sandleik, fylgjast með þeim, skrifa eftir þeim sögur og taka við þau viðtöl. Enn fremur voru áætlaðar að minnsta kosti tvær klukkustundir á viku til að vinna úr gögnum, rýna í myndir og sögur og halda dagbók yfir viðbrögð nemenda.

## Helstu framkvæmdaliðir skólaárið 2006-2007

- Valdir voru 4 nemendur, 1 stúlka og 3 drengir. Þeir áttu það allir sameiginlegt að eiga við lestrarörðugleika að stríða á e-u stigi og skáru sig að einhverju leyti úr hvað varðaði hegðun eða líðan. Einn nemandinn er í 2. bekk, annar í 3. bekk, sá

Þriðji í 5. bekk og sá fjórði í 6. bekk. Nemendurnir eru ekki nefndir eigin nöfnum í rannsókninni, en öllum gefin nöfn úr jurtaríkinu.

- Foreldrar barnanna voru upplýstir um rannsóknina, bæði símleiðis og með bréfi og veittu þeir skriflegt samþykki fyrir þátttöku barna sinna í rannsókninni.
- Sótt var um leyfi fyrir rannsókninni til Persónuverndar.
- Foreldrar og kennarar svöruðu spurningalistum Achenbachs, þar sem lagt var mat á líðan og atferli, tilfinningar og hegðun barnsins og ADHD matslistanum sem segir til um einkenni ofvirkni og athyglisbrests.
- Þorgeir Magnússon sálfræðingur lagði fyrir og vann úr upplýsingum varðandi greindarþroskapróf (WISC III), Rorschach persónuleikaprófið og sjálfsmýndarprófið („Hver er ég og hvernig líður mér?“), hegðunarmatskvarða Achenbachs og ofvirknimatslista ADHD.
- Lestrar-, stafsetningargeta, ritun og stærðfræðikunnátta nemendanna fjögurra var könnuð í upphafi og við lok rannsóknarinnar.
- K.U. hefur fylgst með hverjum nemenda í sandleik 12 sinnum á tímabilinu, alls 48 skipti og skráð eftur nemendunum sögur.
- K.U. hefur haldið nákvæma dagbók og skrifað greinargerð sem byggir á gátlista hennar yfir mynd- og sögugerð og viðbrögð nemenda í hvert skipti sem þeir koma í sandleik. Í hvert sinn hafa verið teknar 2-3 ljósmyndir af myndgerð í sandkassa.
- Áfangaskýrslu var skilað í janúar.
- K.U. hefur tekið saman rannsóknarniðurstöður. Niðurstöður eru settar fram í þremur meginliðum:
  - A) Úttekt á sandleikjum nemendanna
  - B) Útkoma prófa í einstökum námsgreinum og niðurstöður sálfræðilegra greininga
  - C) Samantekt á niðurstöðum
- Lokaskýrslu skilað í júní 2007

## Rannsóknarniðurstöður

Niðurstöður voru settar fram í þremur meginliðum. Er þar um að ræða A) úttekt á sandleikjum nemendanna. B) útkomu prófa í einstökum námsgreinum og niðurstöður sálfræðilegra greininga. Að lokum eru niðurstöður úr A og B teknar saman í C):

- Úttekt á sandleik var unnin í fjórum þrepum. 1) Tólf greinargerðir sem unnar voru á grundvelli gátlista sem KU útfyllti á meðan og eftir að sandleikur stóð yfir. 2) Úttekt á fimmtán efnisþáttum í greinargerðunum tólf. Efnisþættirnir voru: Munir sem koma oft eða nokkrum sinnum fyrir; stærð muna og litir; fjöldi muna; munir af sömu gerð í sama kassa; kvenpersónur/karlpersónur; notkun rýmis, breytingar í kassa; nemandinn í leiknum (vinnulag, einbeitni, áhugi, líðan); meðferð sands; notkun vatns; mynstur; vatnasvæði; þemu; endir á sögu; nöfn á sögum; tími sem mynd- og sögugerð tekur. 3) Samantekt um það sem einkenndi sandleik hvers einstaklings og gengið út frá efnisþáttunum fimmtán. 4) Sandleikir nemendanna fjögurra voru bornir saman.
- B) Geta nemenda í lestri, stafsetningu og ritun í lok skólaárs borin saman við getu þeirra í sömu þáttum við upphaf skólaárs. Síðan eru bornar saman niðurstöður úr WISC III, ADHD, hegðunarmatslista Achenbach, Rorschach prófs og sjálfsmyndarprófsins („Hver er ég og hvernig líður mér?“).
- C) Samantekt á niðurstöðum.

---

Af trúnaðarástæðum eru niðurstöður ekki birtar á netinu en frekari upplýsinga er að leita hjá skýrsluhöfundum og hjá SRR í KHÍ sem varðveitir skýrsluna í prentuðu formi.

Þróunarverkefnið var kynnt á Málþingi RKHÍ árið 2006 og er hugað að fleiri kynningum á næsta ári, bæði Málþingi KHÍ og tímaritsgrein.



